

Minnisblað

Til: Sveitarstjórna Dalabyggðar og Reykhólahrepps

Frá: Sveitarstjórum Dalabyggðar og Reykhólahrepps

Efni: *Samstarf/sameining Barmahlíðar og Silfurtúns.*

Dags.: 05.01.2022

Fulltrúar Reykhólahrepps og Dalabyggðar funduðu miðvikudaginn 5. janúar til að ræða um samstarf dvalar- og hjúkrunarheimilanna Barmahlíðar og Silfurtúns. Fundurinn var fjarfundur.

Fundarfólk var; frá Reykhólahreppi Árný H. Haraldsdóttir oddviti og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri; frá Dalabyggð Ragnheiður Pálsdóttir varaoddviti, Skúli H. Guðbjörnsson formaður byggðarráðs og Kristján Sturluson sveitarstjóri.

Skipst var á upplýsingum um rekstur og starfsemi Barmahlíðar annars vegar og Silfurtúns hins vegar. Starfsemin er mjög lík að umfangi, mönnun og varðandi þau viðfangsefni sem við er að fást. Í Barmahlíð eru 12 hjúkrunarrými og 2 dvalarrými en á Silfurtúni eru 10 hjúkrunarrými og 2 dvalarrými.

Rætt var um samstarfsfleti s.s. varðandi yfirstjórn, rekstur og bakvaktir. Mikil vinna fer í stjórnun- og skýrslugerð sem hægt væri að hafa samstarf um. Einnig var rætt um auknar kröfur á heimilin hvað varðar gæðastjórnun og eftirlit.

Niðurstaða fundarins var að flest tækifærin væru fólgin í að sameina stofnanirnar. Forsenda fyrir því að sá rekstur gangi upp er að fjölgað verði um tvö rými á Silfurtúni en ítrekað hefur verið sýnt fram á að það þarf til þess að vera með hallalausan rekstur.

Ákveðið að leggja það fyrir sveitarstjórnir Dalabyggðar og Reykhólahrepps að taka afstöðu til þess hvort hefja eigi undirbúning að sameiningu stofnananna.